

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954,
um sölu og veitingar áfengis.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 33 $\frac{1}{3}$ % á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt vín á hálfum eða heilum flöskum. Auk þess má veitingahús hækka verðið um allt að 43.75% frá þessu verði, þegar sala fer fram á minni skömmtum. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að.

Á verðið eins og það hefur verið ákveðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja söluskatt, svo og þjónustugjald, eftir þeim reglum, sem um þessi gjöld gilda.

Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Óheimilt skal að nota önnur mælitæki en þau, sem hlotið hafa löggildingu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 282 31. október 1968 um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1971.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

30. desember 1971.

Nr. 260.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Austur-Skaftfellinga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. desember 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Meningarsjóðs Austur-Skaftfellinga.

1. gr.

Kaupfélag Austur-Skaftafellinga stofnar sjóð, sem nefnist Menningarsjóður Austur-Skaftfellinga. Kaupfélagið leggur honum til stofnfé kr. 40 000.00 og svo árlegt fjárframlag eftir því, sem stjórn þess leggur til hvert sinn og aðalfundur samþykkir. Tekið verður á móti fjárframlögum annars staðar frá, ef einhver vill efla sjóðinn á þann hátt.

Þá skal Minningarsjóður látinna félagsmanna, sem er í vörzlu Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, falla til Menningarsjóðsins og hann meðal annars annast hlutverk Minningarsjóðs.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Formaður stjórnar skal kosinn á aðalfundi K.A.S.K., annar kosinn af sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu og þriðji af Menningarsambandi Austur-Skaftafellssýslu. Skulu þeir kosnir þannig að aðeins einn gangi úr ár hvert.

Endurskoðendur skulu vera tveir og einn til vara. Tilnefnir stjórn K.A.S.K. og sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu sinn hvorn endurskoðanda en Menningarsamband Austur-Skaftafellssýslu einn til vara.

3. gr.

Verkefni sjóðsins er að styðja að menningarmálum í héraðinu með fjárframlögum eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

4. gr.

Heimilt er að veita allt að $\frac{2}{3}$ af árlegum tekjum sjóðsins hvert sinn sem fjárveiting fer fram. Þó getur fjárveiting orðið hærri, ef engin fjárveiting hefur farið fram næsta ár eða næstu ár á undan.

5. gr.

Komi til þess að sjóðurinn hætti að starfa, leggst fé hans í Varasjóð Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, þó eftir nánari ákvörðun aðalfundar.

6. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta á aðalfundi Kaupfélags Austur-Skaftfellinga með samþykki $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða.

Skipulagsskrá samþykkt þannig á aðalfundi Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, hinn 29. maí 1971.

Óskar Helgason, fundarstjóri.

Skarphéðinn Pétursson, fundarritari.